

Miðvikudaginn 23. apríl 1986.

Nr. 276/1986. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Lárusi Fjeldsted Jakobssyni

(Ólafur Gústafsson hrl.)

Réttarfar. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds 6. nóvember 1985 refsingu til þyngingar en ákærði vildi una dóminum.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 17. janúar 1986.

Tékki sá sem í málinu greinir er útgefinn til handhafa en fram-seldur með nafnritun ákærða á bakhlið.

Ákærði játaði fyrir rannsóknarlögreglu að hann hefði framselt tékkann vitandi að hann var falsaður.

Mál þetta var höfðað á hendur ákærða fyrir sakadómi Skaga-fjarðarsýslu með ákæru útgefinni 26. febrúar 1985. Honum var birt ákæran á dómþingi í sakadómi Strandasýslu 19. júlí 1985. Hann kvaðst þá ekki vilja tjá sig um málsatvik. Eftir þetta kom hvorki ákærði né vitni fyrir sakadóm. Er rannsókn málsins samkvæmt þessu haldin þeim annmörkum að ómerkja ber hin áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til rannsóknar og dómsálagningar að nýju, sbr. 1. mgr. 75. greinar laga nr. 74/1974, sbr. 13. grein laga nr. 107/1976, enda hagar hér ekki svo til sem segir í 1. mgr. 122. greinar laga nr. 74/1974, sbr. 24. grein laga nr. 107/1976.

Allur áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, 9.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Lárusar Fjeldsted Jakobssonar, fyrir Hæstarétti, Ólafs Gústafssonar hæstaréttarlögmans, 9.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Skagafjarðarsýslu 2. ágúst 1985.

Ár 1985, föstudaginn 2. ágúst var í sakadómi Skagafjarðarsýslu af Hilmarí Baldurssyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr 102/1985: Ákærvaldið gegn Lárusi Fjeldsted Jakobssyni, Þangsstöðum á Hofsósi, fæddum 5. janúar 1945 á Sauðárkróki, fyrir að hafa, dag einn seint í septembermánuði 1984, selt falsaðan tékka í Söluturninum Vesturgötu 14 í Reykjavík, útgefinn 19.09. 1984 á eyðublað nr. 2454688 frá Austurbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík á reikning nr. 24161, stílaðan á handhafa að fjárhæð kr. 2.500,00 með fölsuðu nafni Stefáns Ólafssonar og framsali ákærða sjálfs.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

— — —

Miðvikudaginn 23. apríl 1986.

Nr. 4/1986.

Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Óskari Kjartanssyni

(Jón Bjarnason hrl.)

Rangur framburður fyrir dómi. Fjádráttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.